Nr.: JVR-003
Útgáfa: 1
Dags.: 31.09.2023
Höfundur: Rekstar-og fjármálastjóri
Samþykkt: Skólameistari


**Samskipti - jafnlaunakerfið**

Verkmenntaskólinn á Akureyri

# 1 Tilgangur og gildissvið

Þessi verklagsregla tengist HB-001 Handbók jafnlaunakerfis Verkmenntaskólans á Akureyri. Tilgangur verklagsreglunnar er að skilgreina samskipti og upplýsingamiðlun vegna jafnlaunakerfis Verkmenntaskólans á Akureyri.

# 2 Ábyrgð

Rekstrar- og fjármálastjóri ber ábyrgð á verklagsreglunni og sér um að unnið sé eftir henni.

# 3 Framkvæmd

Rekstrar- og fjármálastjóri ber ábyrgð á að koma upp, innleiða og viðhalda reglum um samskipti og upplýsingamiðlun um jafnlaunakerfi Verkmenntaskólans á Akureyri. Halda skal skrá yfir móttöku, skjalfestingu og viðbrögð við erindum hagsmunaaðila vegna jafnlaunakerfisins og skrá yfir ábendingar eða kvartanir um jafnlaunakerfið. Samskipti sem tengjast launaákvörðunum eru skilgreind í JVR-001 Verklagsregla um ákvörðun launa og umbunar, jafnlaunaviðmið og jafnlaunagreiningu.

Eftirfarandi yfirlit sýnir þá hagsmunaaðila sem skilgreindir eru í jafnlaunakerfinu og þau samskipti / upplýsingamiðlun sem skipulagsheildin viðheldur gagnvart þeim.

| Hagsmunaaðili | Eðli | Getur haft áhrif á launaákvörðun? | Nánar | Samskipti | Ábyrgðaraðili | Fyrirkomulag |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Starfsmenn | Innri | Nei | Allir starfsmenn, launþegar innan umfangs jafnlauna-kerfisins sem falla ekki undir aðra hópa hagsmunaaðila | Kynning á stefnu | Ábyrgðaraðili jafnlaunakerfisins | Stefna aðgengileg á heimasíðu og/eða innri vef |
| | | | | Kynning á niður-stöðum launa-greiningar | Ábyrgðaraðili jafnlaunakerfisins | Niðurstaða kynnt á starfsmannafundi og eða í tölvupósti. Sjá nánar í JVR-001 **Verklagsregla um ráðningu, ákvörðun launa og umbunar, Jafnlaunaviðmið og jafnlaunagreining.** |
| | | | | Móttaka erinda frá viðkomandi | Ábyrgðaraðili jafnlaunakerfisins | Fer í gegnum aðila jafnlaunanefndar. Komið á framfæri við ábyrgðarmann sem meðhöndlar samkvæmt **JVR- 004 verklagsregla um frábrigði, úrbætur og forvarnir, jafnlaunakerfi** |
| Stjórnendur sem bera ábyrgð á launaákvörðunum | Innri | Já | Þeir stjórnendur sem taka launaákvarðanir samkvæmt VKL-207 **Verklagsregla um ráðningu, ákvörðun luana og umbunar, Jafnlaunaviðmið og jafnlaunagreining** | Breytingar á verk-lagi eða gögnum við launaákvörðun | Ábyrgðaraðili jafnlaunakerfisins | Endurþjálfun samkvæmt **HB-001 Handbók jafnlaunakerfis, kafla 3: Þjálfun og hæfni** |
| Stjórnendur sem koma mögulega að álitsgjöf við launa-ákvarðanir | Innri | Já | Þeir stjórnendur og yfirmenn sem mögulega væri leitað til, til umsagnar við ákvörðun launa. Hafa ekki bein áhrif á launaákvörðun | Álitsgjöf við launa-ákvörðun. | Ábyrgðaraðili launaákvörðunar | Eftir þörfum |

| Hagsmunaaðili | Eðli | Getur haft áhrif á launaákvörðun? | Nánar | Samskipti | Ábyrgðaraðili | Fyrirkomulag |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Hagsmunasamtök sem hafa lögvarða hagsmuni | Ytri | Nei | Launþegasamtök, sérsambönd sem gætu viljað koma athugasemdum á framfæri við skipulagsheildina | Móttaka erinda frá viðkomandi | Ábyrgðaraðili jafnlaunakerfisins | Fer eins og aðrar ábendingar og fyrirspurnir í gengum tölvupóst. Komið á framfæri við ábyrgðarmann sem meðhöndlar samkvæmt **JVR- 004 verklagsregla um frábrigði, úrbætur og forvarnir, jafnlaunakerfi** |
| Stofnanir sem hafa lögvarða hagsmuni | Ytri | Nei | Opinberar stofnanir sem gætu viljað koma athugasemdum á framfæri eða leiðbeinandi fyrirmælum við skipulags-heildina, t.d. Jafnréttisstofa, ráðuneyti og fleiri | Móttaka erinda frá viðkomandi | Ábyrgðaraðili jafnlaunakerfisins | Fer eins og aðrar ábendingar og fyrirspurnir í gegnum tölvupóst. Komið á framfæri við ábyrgðarmann sem meðhöndlar samkvæmt **JVR- 004 verklagsregla um frábrigði, úrbætur og forvarnir, jafnlaunakerfi** |
| Vottunaraðili | Ytri | Nei | Fyrirtæki sem fengið er til að taka út jafnlaunakerfið og veita skriflega yfirlýsingu um virkni kerfisins | Skipulagning út-tekta, utanumhald úrbóta og önnur nauðsynleg sam-skipti. | Ábyrgðaraðili jafnlaunakerfisins | Símleiðis og með tölvu-póstum eða kemur á staðinn. |
| Innri úttekt | Ytri | Nei | Aðili sem hefur yfirgripsmikla þekkingu á jafnlaunakerfinu er fengin til að taka út jafnlaunakerfið og veita skriflega yfirlýsingu um virkni kerfisin | Skipulag úttekta, utanumhald úrbóta og önnur nauðsynleg sam-skipti. | Ábyrgðaraðili jafnlaunakerfisins | Símleiðis og með tölvu-póstum og kemur á staðinn. |
| Almenningur | Ytri | Nei | Allur almenningur | Kynning á stefnu | Ábyrgðaraðili jafnlaunakerfisins | Stefna aðgengileg á heima-síðu |

Tiltekinn ábyrgðaraðili samskipta sér um framkvæmd og skjalfestingu vegna þeirra. Fyrirkomulagi er lýst í töflunni og vísað er í verklagsreglur þar sem það á við.

Í **Skipulag samskipta** má finna greiningu á því hvaða skjöl tengjast jafnlaunakerfinu, hvaða samskipti eiga sér stað vegna þeirra og hver sé ábyrgðaraðili viðkomandi skjala og samskipta tengda þeim skjölum.

# 4 Tilvísanir

Kaflar staðalsins ÍST85:2012:
4.4.3 Samskipti
4.5.4 Stýring skráa

Skjöl og skrár sem tengjast verklagsreglu:
HB-001 Handbók jafnlaunakerfis
Jafnlaunastefna Verkmenntaskólans á Akureyri
JVR-001 Verklagsregla um ráðningu, ákvörðun launa og umbunar, Jafnlaunaviðmið og jafnlaunagreining
JVR-003 Verklagsregla um samskipti , Jafnlaunakerfi
JVR-004 Verklagsregla um frábrigði, úrbætur og forvarnir, jafnlaunakerfi

# 5 Breytingar